



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefn
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. janúar 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Þingskjal 550 – 409. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.

Barnaheill hafa fengið ofangreint mál til umsagnar og þakka fyrir það.

Samtökin fagna fram kominni áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess og telja það brýnt og gott skref til jákvæðra breytinga fyrir börn íslensks samfélags. Ljóst er að vandað hefur verið til verka og margar ríkisstjórnir og starfsfólk þeirra haldið málinu gangandi svo klára mætti gerð þessarar áætlunar. Fyrir það ber að þakka. Samkvæmt niðurstöðum nýlegrar rannsóknar sem [fjallað var um í fjölmiðlum](#) í vikunni hafði stór hluti þátttakenda, eða 48% orðið fyrir líkamlegu ofbeldi sem börn og 69% fyrir andlegu ofbeldi sem börn. Það er því augljóst að íslenskt samfélag hefur verk að vinna við breytingar til batnaðar.

Barnaheill taka undir allt sem fram kemur í aðgerðaáætluninni, sem er heildstæð og sannfærandi, og styðja við hana alla og vilja auk þess benda sérstaklega á eftirfarandi:

Að mati samtakanna er afar brýnt að fjárfesta ríkulega í forvörnum og fræðslu til að koma í veg fyrir ofbeldi, til foreldra og allra þeirra sem vinna með börnum og fyrir börn. Forvarnir þurfa að vera viðvarandi verkefni í sífelldri notkun og þróun. Barnaheill hvetja ávallt til jákvæðrar nálgunar í fræðslu og að byggt sé á styrkleikum einstaklinga og á því að foreldrar og fullorðnir beri ábyrgð á umhverfi barna. Hinir fullorðnu eru fyrirmyndir og því er mikilvægt að veita fullorðnum rúm tækifæri og hvatningu til sjálfsskoðunar, sjálfsstyrkingar og meðferðar þar sem þörf er á. Viðhorf samfélagsins þurfa að mati samtakanna, að byggjast á meðvitund um rétt barna til verndar gegn ofbeldi og til að alast upp í barnvænu umhverfi.

Samtökin fagna sérstaklega áherslu á þekkingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálanum, á 30 ára afmæli hans. Fræðslu um mannréttindi barna og Barnasáttmálann þarf að tryggja öllum börnum án mismununar. Jafnframt er mikilvægt að foreldrar og allir þeir sem vinna með og fyrir börn þekki vel og virði mannréttindi barna.

Ennfremur er því fagnað að áréttað sé að árlega verði 20. nóvember helgaður mannréttindum barna. Samtökin eru boðin og búin að taka virkan þátt í þessum lið áætlunarinnar og má segja að þau geri það nú þegar, m.a. með ábyrgð sem samtökunum var falin á framkvæmd Dags mannréttinda barna, sbr. þingsályktun frá 144. löggjafarþingi um dag helgaðan fræðslu um mannréttindi barna. Barnaheill vinna nú að endurnýjun á fræðsluvef um Barnasáttmálann, barnasattmali.is ásamt umboðsmanni barna og Unicef í samstarfi við Menntamálastofnun. Verkefnið hefur verið unnið í samstarfi þessara aðila frá 2009.

Samtökin fagna því að fagrað eineltismála skuli útvíkkað til þess að þjónusta einnig leikskóla og íþróttá- og æskulýðsstarf. Barnaheill vilja hvetja til þess að fagraðið verði alltaf skipað sérfræðingum sem séu hlutlausir og utanaðkomandi, þ.e. ekki bara starfsfólk sveitarstjórna, skóla eða ráðuneyta, svo að síður sé hætt á að fólki finnist það ekki fá hlutlausa meðferð.

Barnaheill vilja sérstaklega vekja athygli á, í tengslum við lið A.5 í aðgerðaáætluninni, að nú þegar er til forvarnarfræðsluefni um einelti og annað ofbeldi sem hentar vel leikskólum og fyrstu bekkjum grunnskóla. Efnið er til fyrir börn allt frá 0-9 ára. Verkefnið, sem er á vegum Barnaheilla, heitir Vinátta og er nú þegar notað í um 50% leikskóla á Íslandi. Það er danskt að uppruna og nefnist Fri for mobberi á dönsku. Verkefnið er byggt á rannsóknum, er reglulega tekið út og hefur borið góðan árangur. Vinátta er félagsfærniþræðsla þar sem unnið er með félags- og tilfinningaþroska barnanna, um samskipti og áherslu á ábyrgð fullorðinna á skólabrag og umhverfi barnanna. Verkefnið er vitanlega fyrst og fremst forvarnarefni og inniheldur ekki fræðslu um tilkynningarskyldu til barnaverndar en hins vegar hafa Barnaheill gefið út bæklinginn Verndum börn um árabíl, sem inniheldur leiðsögum um viðbrögð og tilkynningar til barnaverndar.

Ennfremur vilja samtökin vekja athygli á Ábendingalínu Barnaheilla sem rekin er í samstarfi við lögregluna og SAFT. Þangað má tilkynna um ólöglegt og óviðeigandi efni sem varðar börn, sérstaklega kynferðisofbeldi gegn börnum á neti sem og annað ofbeldi. Barnaheill hafa jafnframt tekið þátt í #Ekkertatur herferðinni sem SAFT heldur utan um.

Barnaheill hvetja Alþingi og stjórnvöld til að samþykkja og fylgja eftir þingsályktun þessari um aðgerðaáætlun gegn ofbeldi og til að tryggja samhæfingu aðgerða og fjármögnun allra liða til fulls. Ennfremur hvetja samtökin til þess að fylgst verði með árangri aðgerða með tölulegum upplýsingum á hverju ári og upplýsingarnar verði geymdar og aðgengilegar almenningi og fræðasamfélaginu. Barnaheill vinna með Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja sérstaka áherslu á vernd barna gegn ofbeldi.